

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Hemla 2, lóð, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. janúar 2023 tillögu að deiliskipulagi í Hemlu 2, lóð. Á byggingarreit B1 er 45 m² frístundahús sem heimilt er að stækka í allt að 80 m². Á byggingarreit B2 er heimilt að byggja allt að 4 gestahús, hvert um sig allt að 20 m². Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ytri-Hóll 1, nýtt deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. desember 2022 tillögu að deiliskipulagi á Ytri-Hól 1. Heimilt er að byggja veiðihús allt að 100 m², 2-3 svefnhús samanlagt allt að 160 m² og aðstöðuhús allt að 80 m². Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Múlakot 1, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. nóvember 2022 tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Múlakoti 1. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir minni sambyggðum flugskýlum með einhalla þaki, allt að 5,5 m að hæð í staðin fyrir stærri einingar með allt að 6,5 m mænishæð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 15. febrúar 2023.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2023